

3. gr.

Framlagi sveitarsjóða innan hvers samlagssvæðis skal jafnað niður á sveitarfélögin í réttu hlutfalli við fjölda íbúa 16 ára og eldri miðað við síðasta manntal.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 117 31. desember 1976 um breyting á lögum nr. 67 20. apríl 1971, um almannatryggingar og öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi numin reglugerð um sama efni nr. 804 27. desember 1982.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 27. febrúar 1986.

Ragnhildur Helgadóttir.

Jón Ingimarsson.

G J A L D S K R Á

**fyrir leyfi til starfrækslu jarðstöðva fyrir móttöku
sjónvarpsefnis um fjarskiptatungl.**

Leyfisgjald.

1. gr.

Greiða skal sérstakt gjald, leyfisgjald, fyrir leyfi er ráðherra veitir einstaklingum til að starfrækja jarðstöðvar til móttöku sjónvarpsefnis fyrir eigin not.

Leyfisgjald samkvæmt 1. mgr. skal nema kr. 2 000,00.

2. gr.

Ennfremur skal greiða sérstakt gjald, leyfisgjald, fyrir starfræksluleyfi sem ráðherra veitir þeim aðilum sem dreifa mótteknu sjónvarpsefni innanhúss.

Leyfisgjald samkvæmt 1. mgr. skal nema kr. 3 000,00.

Eftirlitsgjald.

3. gr.

Vegna skoðunar- og eftirlits Póst- og símamálastofnunar með búnaði skal greiða eftirlitsgjald kr. 3 000,00.

Innheimta gjalda o. fl.

4. gr.

Samgönguráðuneytið annast innheimtu samkvæmt gjaldskrá þessari.

5. gr.

Ofangreind gjaldskrá, sem sett er skv. 7. gr. reglugerðar nr. 7/1986 um starfrækslu jarðstöðva fyrir móttöku sjónvarpsefnis um fjarskiptatungl, sbr. lög nr. 73/1984 um fjarskipti öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 27. febrúar 1986.

Matthías Bjarnason.

Halldór S. Kristjánsson.